


Alþingi
Erindi nr. P 127/468
komudagur 11. 12. 2001



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

11. desember 2001

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dagsett 9. nóvember 2001, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, 150. mál, EES-reglur. Hér með fylgir umbeðin umsögn.

Virðingarfyllst,

Þórður Friðjónsson,
forstjóri

Umsögn um frumvarp til laga um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda. 150. mál, EES-reglur

Tilgangur frumvarpsins er að efla vörn gegn ólögmætum viðskiptaháttum milli landa á innri markaði Evrópska efnahagssvæðinu. Stjórnvöld eða samtök geti leitað eftir aðgerðum til að vernda hagsmuni neytenda og aðgerðir miða að því að stöðva eða koma í veg fyrir háttsemi sem hefur afleiðingar hér á landi eða í öðru ríki EES og þykir stríða gegn tilskipunum ESB sem lögleiddar hafa verið á Íslandi.

Samkvæmt frumvarpinu geta íslensk stjórnvöld eða samtök krafist fyrir erlendum dómstólum lögbanns á ólögmæta viðskiptahætti sem er gegn Íslendingum og er frumvarpið samið til að innleiða í íslensk lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/27 frá 19.maí 1998 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda.

Þjóðhagsstofnun telur mikilvægt að setja í íslensk lög ákvæði sem vernda hagsmuni neytenda í framhaldi ýmissa tilskipana ESB um neytendamál og neytendavernd til varnar ólögmætum viðskiptaháttum t.d. við sölu á ýmsum vörum og þjónustu.

Við undirbúning að gerð frumvarpsins var það sömuleiðis álit réttarfarsnefndar að það væri nauðsynlegt að setja sérlög um þetta efni hér á landi og Þjóðhagsstofnun telur ekki ástæðu til að draga þetta álit réttarfarsnefndar í efa enda gerir tilskipunin þær lánmarkskröfur til aðildarríkjanna að þau veiti aðgang að þeim stjórnvöldum og dómstólum sem geti með skjótum hætti stöðvað brot á fyrrnefndum tilskipunum.

Þjóðhagsstofnun telur jafnframt að gerð frumvarpsins sé eðlilegt framhald af ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 121/99 24. september 1999, um að fella inn í EES- samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda.

Þjóðhagsstofnun hefur ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins en bendir á að við framkvæmd laganna er gert ráð fyrir nokkrum kostnaði ríkissjóðs. Óvissa er hins vegar um það í hve miklum mæli þessi réttur verði nýttur og því ekki hægt að sjá hversu mikill kostnaðurinn gæti orðið.